

Efni: Umsögn Iðjuþjálfafélags Íslands (ÍPÍ) og Félags sjúkraþjálfara (FS) um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. október 2014, þar sem ÍPÍ og FS var gefið tækifæri á að veita umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Félögin þakka þennan möguleika á að veita umsögn um frumvarpið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sameiningu þriggja stofnana er heyra undir Velferðarráðuneytið, það er Heyrnar- og talmeinafátöð Íslands, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga auk TMF Tölvumiðstöðvar sem er sjálfseignarstofnun á vegum nokkurra félagasamtaka.

### Markmið og hlutverk

Í frumvarpinu eru sett fram þau markmið að sérhæfð þjónustumiðstöð eigi annars vegar að veita þjónustu börnum með tilteknar fatlanir og frávik og hins vegar á hún að tryggja aðgengi fólks að sérhæfðri þjónustu til að stuðla að virkni og þátttöku í samfélaginu. Hlutverk sameinaðrar stofnunar eru mörg og víðtæk samkvæmt frumvarpinu. Meðal annars þau að veita fullorðnum fötluðum ráðgjöf, greiningu, meðferð, endurhæfingu og hæfingu. Þannig stendur til að setja undir eina starfsemi þjónustu við börn og fullorðna auk þess sem gert er ráð fyrir að útvíkka verulega þjónustu við fólk sem er eldra en 18 ára og býr við skerta færni vegna tiltekinna fatlana.

ÍPÍ og SÍ fagna því að bæta eigi þjónustu við fullorðna fatlaða enda víða pottur brotinn í þeim efnum. Félögin vilja engu að síður undirstrika mikilvægi þess að standa vörð um þjónustu við fötluð börn og unglinga. Það að heilbrigðis- og félagsþjónusta við börn og fullorðna sé alla jafna aðskilin í vestrænum samfélögum endurspeglar ólíkar þarfir fólks á mismunandi æviskeiðum, gagnreynt verklag og sérhæfingu fagfólks auk þess sem viðurkennt er að staða barna er sérstaklega viðkvæm og þau ber að vernda. Þetta endurspeglast meðal annars í Barnasáttmálanum sem lögfestur hefur verið hér á landi. Samkvæmt 3. gr. hans og sbr. lög nr. 19/2013 á það sem börnum er fyrir bestu að hafa forgang við allar ákvarðanir sem varða börn. Ennfremur leggur þetta ákvæði, samkvæmt Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna þá skyldu á herðar yfirvalda að þau meti sérstaklega áhrif fyrirhugaðra aðgerða. Ekki fæst séð í frumvarpinu að slíkt mat hafi verið framkvæmt.

Ekki kemur skýrt fram að sá hópur fullorðinna fatlaðra, sem sameinaðri stofnun er ætlað að þjónusta hafi verið skilgreindur hvorki hvað varðar stærð, þarfir né umfang þjónustu. Hvergi er til dæmis minnst á geðfatlað fólk en það er fjölmennur hópur sem býr við skerta færni og samsettan vanda sem oftast en ekki á sér grunn í frávikum í taugaproska á barnsaldri viðkomandi.

### **Skilgreiningar hugtaka**

ÍPÍ og FS benda á að skilgreiningar ýmissa lykilhugtaka í frumvarpinu endurspeglar ekki þann félagslega skilning sem alþjóðleg sýn á fötlun felur í sér. Þannig er grunntónn frumvarpsins frekar í samræmi við eldri hugmyndir, af læknisfræðilegum toga en þær áherslur sem þurfa að liggja til grundvallar nútímaþjónustu við fatlað fólk. Hugtakið fötlun er þannig skilgreint mjög þröngt og með áherslu á skerðingu einstaklingsins. Félögin benda á að skilgreiningu á hugtakinu *færni* vantar í frumvarpið en það er lykilhugtak þegar horft er til fötlunar og samspils einstaklingsbundinna þátta og umhverfispátta.

### **Réttindi starfsmanna**

Fyrsta málsgrein bráðabirgðaákvæðis nr. 1 er svo hljóðandi: „*Starfsmönnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöðvar skal boðið starf við hina nýju stofnun með óbreyttum starfskjörum og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingaskyldu eiga ekki við um flutning starfsmanna samkvæmt ákvæðinu. Starfsmenn kunna þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi vegna skipulags hinnar nýju stofnunar.*“

Í ákvæðinu kemur ekki fram hvort réttindi starfsmanna fari eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða lögum nr. 72/2002, um aðilaskipti að fyrirtækjum, þegar viðkomandi stofnanir verða lagðar niður og þegar starfsmenn eru fluttir yfir í nýja stofnun. Mikilvægt er að eyða alla óvissu varðandi ný störf og verksvið, mannauðsmál verða að vera í forgrunni. Ánægjulegt er að í frumvarpinu sé horft til möguleika á faglegri styrkingu mannauðsins, en einnig er brýnt að viðurkenndar aðferðir verkefnastjórnunar og breytingastjórnunar verði notaðar við sjálfa sameininguna, ef af henni verður.

ÍPÍ og FS leggja einnig áherslu á að mikilvægt er að áunninn réttur félagsmanna haldist, þ.m.t. réttur til símenntunar og á launuðu námsleyfi.

### **Fjármagn til stofnunarinnar**

Í umsögn Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið er ekki gert ráð fyrir auknum fjárframlögum vegna sameinaðrar stofnunar þrátt fyrir aukningu á þjónustu og hafa félögin áhyggjur af því. Margsinnis hefur komið fram að til að mynda Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur ekki fengið nægilegt fjármagn til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Ekki er tekið skýrt fram hver áætluð hagræðing sameiningarinnar er. Ekki verður séð hvernig miðstöðin geti bætt gæði þjónustu við börn þegar bæta á við þjónustu til fullorðinna einstaklinga, án þess að til komi aukin fjárframlög eða ítarlegri áætlanir um hagræðingu. ÍPÍ og FS mæla því sterklega með nánari þarfagreiningu og betri skilgreiningu á þeirri þjónustu sem þarna er áætlað að veita.

Félögin gjalda einnig varhug við að heimilað verði að taka gjald fyrir þjónustu miðstöðvarinnar, en þeir einstaklingar sem þurfa þjónustuna eru flestir með lífslangar og alvarlegar fatlanir og hafa takmarkað svigrúm til aukinna fjárútláta.

Virðingarfyllst ,

f.h lögjafafélags Íslands

Ósk Sigurðardóttir

Ósk Sigurðardóttir  
Formaður IPÍ

f.h Félags sjúkráðgjafara

Þ. Unnar Veigur Sveinsson

Unnur Pétursdóttir  
Formaður FS

Varabormáttur FS